

## Aðalfundur Félags skógarbænda á Austurlandi

Haldinn í Barra á Valgerðarstöðum 12. mars 2018 kl. 20:00

Mættir: - listi var látinn ganga og allir skrifuðu sig á hann. 38 mættu á fundinn.

Marianna formaður setur fund og afhendir Bjarna Björgvinssyni fundarstjórn og Elín Rán Björnsdóttir ritar fundargerð.

Bjarni tekur við stjórn fundarins og gengið er til dagskrár samkvæmt samþykktum félagsins.

1. Fundur settur. Lögmæti fundarins kannað
2. Skýrsla stjórnar frá síðasta aðalfundi
3. Endurskoðaðir ársreikningar félagsins lagðir fram og afgreiddir.
4. Inntaka nýrra félaga
5. Félagsgjöld ársins ákveðin
6. Lagabreytingar, hafi komð fram formlegar tillögur þar um og kynntar með fundarboði
7. Kosning stjórnar og tveggja skoðunarmanna reikninga
8. Tilnefnda aða- og varamann til setu í stjórn LSE til eins árs.
9. Önnur mál.
10. Fundi slitið.

### **1. Boðað var til fundarins samkvæmt lögum félagsins og því er fundur lögmætur.**

Fundarboð var sent út í tölvupósti og ýtrekað. Fundur var löglega boðaður. Engar athugasemdir við fundarboðið.

### **2. Formaður flytur skýrslu stjórnar Félags skógarbænda á Austurlandi.**

Marianna formaður félagsins flutti skýrslu stjórnar.

Síðasta starfsár sátu í stjórn Marianna sem formaður, Halldór Sigurðsson, Jóhann Þórhallsson, Borgþór Jónsson og Guðný Drífa Snæland. Varamenn voru Lárus Heiðarsson og Karl Jóhannsson. Frá síðasta aðalfundi hefur stjórn fundað 14 sinnum formlega, það liggja 14 fundargerðir stjórnar inni á skogarbóndi.is.

Marianna sagði frá fráfalli Sherry Curl sem var áfall fyrir alla skógarbændur. Mikill missir af góðum samstarfsfélaga og vini. Stefnt er að því að heiðra minningu hennar með minningarskildi. Hann verður afhentur uppi í Höfða hjá Þresti.

Marianna fór yfir þau hagsmunamál sem stjórnin hefur verið að vinna að, nefndi þar til dæmis girðingamál og taxtar skógræktarinnar.

Félagið stóð fyrir ferð á landsfund LSE til Reykjaness við Ísafjarðardjúp. Farin var ferð í Fljótsdalinn 18. nóvember að skoða skógræktina á Droplaugarstöðum og Brekkugerði. Félagsfundur var haldinn 18. desember þar sem Sigríður Júlía ræddi með þeim ýmis mál. Haldinn var fundur um girðingamál,

brunavarnir í skógi og fleira þann 31. janúar. Framundan er er t.d. fræðslufundur fyrirhugaður um hvernig rækta á gæðaskóg þann 4.apríl. Rætt hefur verið um nauðsyn þess að bændur hafi aðgengilegan gagnagrunn með upplýsingum um skóginn sinn.

Nokkrir samráðfundir með LSE hafa verið haldnir og gengur sú samvinna vel.

Komið var inn á breytingar á lögum um skógræktina eftir sameiningu, minnst á kurlarann, og komið inn á að fé vantar í geirann.

Samráðsfundir með skógræktinni eru haldnir tvisvar á ári með formönnum félaganna og stjórn LSE. Þetta er góður vettvangur fyrir skógarbændur til að koma sínum málefnum á framfæri. Skógarbændur hafa mikið til málanna að leggja og mikilvægt að þeir fái að koma að ákvarðanatöku í þeim málum er snúa að þeirra málum innan skógræktarinnar en það er eitt af baráttu málum okkar að fá sterkari rödd í ákvarðanatökunni. Það er umhugsunarefni að þeir peningar sem fara í Skógræktina gegnum landshlutaverkefni í fjárlögum fyrir árið 2017 fá landshlutaverkefni 461,1 milljón kr. skógræktin fær 345,3 milljónir og Hekluskógar 27,5 milljónir kr. Það er því þannig að meira en helmingur fjárveitinga ríkisins til Skógræktarinnar koma gegnum landshlutaverkefni gömlu og innan við helmingur þess fjár fer í vinnu á skógræktarjörðum bænda sem stöðugt eiga að taka á sig kjaraskerðingar. Kannski þarf að endurskoða eitthvað einhversstaðar.

Stærstu verkefni félagsins eru Skógardagurinn mikli og Barra markaðurinn. Óljóst er með Barra markaðinn á næsta ári þar sem búið verður að loka Barra á þeim tímapunkti. Huga þarf að framtíðar möguleikum þar.

Hugað hefur verið að þeim möguleika að fá Blómabæjarhúsið fyrir afurðastöð bænda og ef vilji er fyrir því hér á fundinum verður þeirri vinnu haldið áfram. Möguleikarnir sem þar skapast gætu t.d. verið að bændur geta flett timbur og sagað ef við verðum okkur úti um vélar til þess, þar væri hægt að halda námskeið, vera með markaðsdaga – hugsanlega í samstarfi við önnur búgreinafélög í sveitarfélaginu, hægt væri að kynna bændaskógrækt, vera með jólamarkað og fleira. Ef af yrði myndum við leita til Austurbrúar um gerð viðskiptaáætlunar.

Stjórnin hefur kynnt sér aðeins tækni til að afurðameta skóginn.

Afmælishátið félagsins verður haldin í vor – Allir hvattir til að taka 20. apríl frá. Edda á Miðhúsum ætlar að fara fyrir afmælisnefndinni og með henni verða Jói Gísli og Jói Þórhalls auk þess sem gamall og góður félagi Magnhildur Björnsdóttir ætlar að starfa með hópnunum. Þau kalla svo til sín fólk eftir þörfum.

Athugasemd kom frá Þresti, starfsmanni Skógræktarinnar um að reglugerð væri í undirbúningi, ekki alveg í smíðum, og til stæði að skógarbændur kæmu að því verkefni

Klappað var fyrir Maríönnu í lok flutnings.

### **3. Endurskoðaðir ársreikningar lagðir fram og afgreiddir-**

Jóhann gjaldkeri kynnti ársreikninga, þeim var dreift til fundarmanna.

Vakin var athygli á því að ekki voru rukkuð félagsgjöld fyrir árið 2015 en þau voru bókfærð. Til stendur að rukka félagsgjöldin fyrir 2015 annaðhvort með 2018 gjöldunum eða sér.

Mjög stór hluti félaggjalda fara til LSE.

Rúnar Hjartarson kveður sér hljóðs – segir ferðakostnaður og upphald lág tala. Afurðastöðin, spurt hvað er að gera þar? Maríanna svaraði að það sem snýr að afurðamálum sé samstarfsverkefni við LÍ.

Edda Björnsdóttir spyr hvort dreifa eigi rúkkun félagsgjaldanna, þeirra frá 2015. Jói svarar því að rúkka þurfi þessi gjöld, og séu um 20 þús krónur á lögbýli þá og 3000 á einstakling ef þetta er tekið saman í einni greiðslu.

Helgi Braga spurði hversu hátt hlutfall af félagsgjaldinu fari til LSE. Jói segir um 80%

Reikningarnir voru bornir undir atkvæði og voru samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

#### **4. Inntaka nýrra félaga**

Gísli Örn Guðmundsson og Þórarinn Þórhallsson Þorgerðarstöðum, Guðmundur Óli Guðmundsson og Haukur Guðmundsson Hrólfstöðum óskuðu eftir inngöngu í félagið og var það samþykkt með lófataki.

#### **5. Félagsgjöld ársins ákveðin.**

Stjórn leggur til að félagsgjöld verði óbreytt 10.000 á býli og 1500 kr. á einstakling. Samþykkt samhljóða.

#### **6. Engar lagabreytingatillögur voru sendar út með fundarboði.**

#### **7. Kosningar**

Kosning stjórnar og tveggja skoðunarmanna. Stjórn er ekki með formlega tillögu. Núverandi stjórn gefur kost á sér áfram, nema Guðný Drífa sem gefur ekki kost á sér áfram.

#### **Aðalmenn**

##### **Eftirfarandi aðilar voru kosnir með lófataki:**

Maríanna Jóhannsdóttir, Halldór Sigurðsson, Jóhann F. Þórhallsson, Borgþór Jónsson

Stungið var upp á og skorað á Jónínu Zophoníasdóttur – samþykkt með lófataki (og með samþykki hennar)

#### **Varamenn**

Lárus Heiðarsson

Karl Jóhannsson

Samþykkt með lófataki.

#### **Skoðunarmenn reikninga**

Vignir Elvar Vignisson

Edda Björnsdóttir

#### **8. Tilnefna aðal- og varamann til setu í stjórn LSE til eins árs.**

Jóhann Gísli Jóhannsson verður áfram aðalmaður

Maríanna Jóhannsdóttir varamaður

Samþykkt með lófataki

## 9. Önnur mál

**a)** Marianna segir frá verkefni varðandi skógarafurðir og hönnunarvörur sem tengdust Listaháskóla Íslands en verkefnið „Umbreyting í skógi“ var unnið í samvinnu við Garðar Eyjólfson lektor í Lí.

**b)** Sigríður Júlía Brynjarsdóttir sviðstjóri skógarauðlindasviðs skógræktarinnar segir frá starfsemi sl. árs. Það er því hve mörgum plöntum var plantað og hvernig framkvæmdir gengu fyrir sig. Sagt frá hvernig hnitsetning í nýskógrækt hefur gengið, sagt frá mikilli aðsókn í nytjaskógrækt og að um 40 nýir samningar um bændaskógrækt hafa verið afgreiddir.

Kristján spurði hvort það væru engin takmörk á því hvað margir mættu skrá lögbýli til skógræktar. Skógræktinni er gert að taka við öllum umsóknum. Miðað við núverandi fjármagn sem fer til skógræktar þá nær skógræktin ekki að anna þessu.

Gildi skógræktarinnar kynnt ma. er þar gildið „samvinna“. Fagsmennska og framsækni eru einnig gildi Skógræktarinnar.

Óskað eftir að fá kostnaðartölur vegna girðingavinnu í þjóðskógum, viðkomandi (Þorsteinn Pétursson) mun senda póst á skógræktina. Hugleiðing um hvort það sé í samræmi við það sem skógarbændum er gert að vinna með.

Rætt um gróðursetningar á síðasta ári voru um 3 milljónir plantna sem voru gróðursett. Jóhann spyr hvað það var þegar mest var og svarið var um 6 milljónir.

Sigríður kynnti mögulegar námsleiðir með raunfærnimati og hvatti menn til að skoða þær.

Kynnt var áætlun um lofbí-isma og teymi sem komið var á laggirnar. Þá var sagt frá væntanlegum fundum þess hóps með yfirvöldum.

Óskað var eftir því að fá að koma með tillögu að því hvaðan peningar gætu komið inn í skógræktina. Lögð fram (munnleg) tillaga úr sal um að lagt yrði niður verkefni um votlendi og sett í staðinn í skógrækt. Ekki rætt frekar.

Kristján spurði hvort vitað væri hvað ríkið borgaði í sektir vegna loftslagsmála. Tölur sem hafa heyrst eru allt frá 50 milljónum til 230 milljóna.

Markmið skógræktarinnar 2018 – stefna að stóraukinni gróðursetningu á næstu árum. Útrýma gömlum lógum, gera átak í umhverfismálum, grysja meira ofl.

**c)** Borgþór Jónsson segir vinnu sem hefur verið unnin innan stjórnar til að afurðameta skóg með drónum og nýjustu tækni sem er notkuð í skógrækt. Mikil þróun er í gagnaöflun í skógrækt, meiri og betri gögn og því fylgir minni kostnaður til lengri tíma litið. Borgþór hafði samband við 4 fyrirtæki sem selja búnað og 2 fyrirtæki sem eru verktakar sem skila af sér gögnum tilbúnum. Málið snýst um stöðumat á skógunum á vissum tíma. Þröstur segir að það skipti okkur máli að hafa stöðumat á þeim skógum sem á að fara að griskja, en það stöðumat endist okkur í 2-4 ára en eftir það þarf nýtt mat. Kostnaðurinn sem felst í þessu er um 17 milljónir fyrir alla skóga á Fljótsdalshéraði. Þröstur segir að verið sé að nota nýja gerð gervihnattamynda og verið sé að bíða eftir gögnum frá Landmælingum Íslands.

Málið rætt fram og til baka.

Borgbór segir einnig frá plöntunardrónum sem sá fræjum. Borgbór hvetur alla til að fylgjast vel með þessari tækni, þ.e. myndgreiningartækni. Skoða hvort það sé vit í þessu og halda áfram þaðan.

**d)** Lárus Heiðarson segir frá skógargæðum og mælingum sem gerðar voru í haust á fjórum jörðum á Fljótsdalshéraði sem tóku þátt í tilraunaverkefni. Sturluflöt, Mjóanes, Hartarstaðir og Litla Steinsvað tóku þátt í þessu.

Rætt um tilvalinn þéttleika í ræktunarreitum. Miðað er við 3000 plöntur á hektara í dag.

Aukinn trjáfjöldi leiðrir til aukinnar viðarframleiðslu og vegna þess þá er mjög mikilvæg að skógareigendur fylgist með sínum skógi og bætinn inn plöntum fyrir þær sem drepast og fækki líka margstofna trjám sem minnka nýtanlegt rúmmál.

**e)** Jóhann Gísli formaður stjórnar LSE sagði frá því að búið væri að skipta um framkvæmdastjóra. Hlynur Sigurðsson er tekinn við. Búið að taka þátt í teymisvinnu og lobbý-isma. LSE er núna stutt í landbúnaðarráðuneytinu en ekki umhverfisráðuneytinu ef menn vilja eitthvað eiga samskipti við ráðuneytið. Stofnaður var jólatrjáhópur sem er kominn á laggirnar.

**g)** Tillaga.

Tillaga frá stjórn var send með fundarboði. Hún er svohljóðandi.

Aðalfundur Félags skógarbænda á Austurlandi haldinn að Valgerðarstöðum 12. mars 2018. Beinir því til Skógræktarinnar að koma á samráði við skógarbændafélögin sbr. 6 gr. laga um Skógræktarstofnun en þar segir í 6.gr. Samráð

„Skógræktin skal hafa samráð við félag skógarbænda á viðkomandi svæði varðandi áherslur og framkvæmd skógræktar á lögbýlum og skal funda í þeim tilgangi eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Skógræktin skal leita umsagnar Landssamtaka skógareigenda við ákvörðun viðmiða fyrir endurgreiðslu kostnaðar. L.60/2016,6.gr.“

Nú er liðið eitt ár frá sameiningu Skógræktar ríkissins og Landshlutaverkefnanna. Það er í gangi samráðsfundur Skógræktarinnar og LSE tvisvar á ári. Enginn samráðsfundur samkvæmt 6.gr. hefur verið haldinn með Félagi skógarbænda á Austurlandi. Það er því ósk FSA að Skógræktin komi lögbundnu samráði á hið fyrsta.

Fundarstjóri las upp tillöguna, spyrt hvort einhverjir vilji tjá sig um tillöguna. Tillagan var borin upp til atkvæða og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Marianna spyr hvort áhugi sé fyrir því að vinna að því að fá afnot af húsnæði „Blómabæjar“ sem einu sinni var. Samþykkt að stjórnin vinni það áfram.

Bjarni sleit fundi kl. 23:04

Fundargerð ritaði Elín Rán Björnsdóttir.